



Reykjavík, 18. mars 2009

Alþingi
Erindi nr. P 136/1293
komudagur 18. 3. 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Hagsmunasamtök heimilanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum (þskj. 695 – 410 mál).

Almennt:

Hagsmunasamtök heimilanna (HH) fagna að sjálfsögðu þessu frumvarpi um hækkun viðmiðunar- fjárhæðar vaxtabóta. Samtökin telja þó að þessi hækkun á viðmiðunar- fjárhæðum vaxtabóta gangi ekki nóg langt í ljósi þess að 42% heimila eru þegar komin með mjög slæma eiginfjárstæðu, eða 20% með neikvæða eiginfjárstæðu og 22% með afar takmarkaða jákvæða eiginfjárstæðu, á sama tíma og greiðslubyrði heimilanna vegna íbúðalána hefur farið stöðugt hækkandi vegna gengisþróunar og verðbólguþróunar síðustu mánaða. Því er í raun fyrst og fremst um að ræða sárabót sem ekki mun bjarga heimilum frá stórfelldri eignaupptöku. Í einfaldri mynd þýðir þetta vaxtabætur upp á að meðaltali (m.v. jafna dreifingu milli 80 þ. heimila) um kr. 25.000,- fyrir hvert heimili í landinu.

Samtökin vilja því hér með ítreka kröfur samtakanna um leiðréttingu á hækkunum á höfuðstól lána vegna hvoru tveggja gengis- og verðtryggðra íbúðalána. Vakin er jafnframt athygli á því að stjórnvöld hafa þegar gripið til ráðstafana til að verja sumar eignir landsmanna. Þar má helst nefna eignir á peningamarkaðssjóðum og innstæður á bankareikningum umfram skylduábyrgð stjórnvalda.

Hagsmunasamtök heimilanna vilja enn og aftur leggja áherslu á að ríkisstjórnin þarf að upplýsa um það hvernig þau áforma að leiðrétta vandann vegna gengistryggðu lánanna og jafnframt hvernig þau áforma að leiðrétta verðtryggðu lánin.

Hagsmunasamtök heimilanna ítreka að bráðaaðgerðir stjórnvalda verða að fela í sér:

- Almennar leiðréttingar á gengis- og verðtryggðum lánum heimilanna.
- Afnám verðtryggingar.
- Jöfnun á áhættu milli lánveitenda og lántakenda.
- Að veð takmarkist við þá eign sem sett er að veði.
- Samfélagslega ábyrgð lánveitenda og fjármagnseigenda

Kröfur samtakanna um bráðaaðgerðir vegna stöðu heimilanna í landinu eru enn eftirfarandi:

Aðgerð #1: Leiðrétting á gengistryggðum íbúðalánnum (framkvæmt samtímis aðgerð #2)

Lýsing: Boðið verði upp á að gengistryggð íbúðalán verði umreiknuð sem verðtryggð krónulán frá lántökudegi hvers lántakanda.

Aðgerð #2: Leiðrétting á verðtryggðum íbúðarlánnum (framkvæmt samtímis aðgerð #1)

Lýsing: Verðbótaþáttur, frá og með 1. janúar 2008, takmarkist við efri mörk verðbólgu- markmiðs Seðlabanka Íslands, eða að hámarki 4%. Aðgerð þessi verði fyrsta skrefið sem stigið verður til afnáms verðtryggingar.



Engar breytingatillögur á frumvarpi til laga um tekjuskatt, þskj. 695 – 410 mál.

Í ljósi þess að stöðugt fleiri fjármálafyrirtæki óska eftir því að þeim sé „bjargað“ (eigendum þeirra var samt greiddur tugmilljóna arður fyrir innan við ári síðan) er fyrirsjáanlegt að stjórnvöld muni enn og aftur verja tugum ef ekki hundruðum milljarða af almannafé í að bjarga fjármálafyrirtækjum í landinu. Athygli er því vakin á því hér að á sama tíma og hundruðum milljarða er varið í að verja fjármálastofnanir í landinu er aðeins áformað að verja tveimur milljörðum í að verja heimilin og er sú aðgerð jafnframt fjármögnuð með sköttum sem heimilin bera sjálf, þ.e.a.s. með sköttum á útgreiddan séreignarsparnað.

F.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Arney Einarsson

Marinó G. Njálsson